



DÓMSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

AÐGERÐAÁÆTLUN 2021-2023

STÝRIHÓPUR DÓMSMÁLARÁÐHERRA UM AÐGERÐIR
GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	3
AÐGERÐAÁÆTLUN 2019-2021	4
SÉRFRÆÐINGAR.....	5
FJÁRHÆTTUSPIL.....	6
FJÁRMÁLAMARKAÐUR.....	7
ÝMISLEGT	9
LÖGAÐILAR.....	10
ALMANNAHEILLAFÉLÖG.....	12
REIÐUFÉ.....	14
VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	15
FRUMBROT.....	16
AÐGERÐAÁÆTLUN 2021-2023	17
SKATTSVIK SEM FRUMBROT	18
REIÐUFÉ.....	19
EINKAHLUTAFÉLÖG	20
ALMENN FÉLÖG OG FÉLAGASAMTÖK.....	21
TRÚ- OG LÍFSSKOÐUNARFÉLÖG	22
SJÓÐIR OG STOFNANIR SEM STARFA SAMKVÆMT SKIPULAGSSKRÁ	23
FJÁRMÁLAMARKAÐUR (INNLÁN O.FL.).....	24
FJÁRMÁLAMARKAÐUR (PENINGASENDINGAR)	25
SÉRFRÆÐINGAR.....	26
SÖFNUNARKASSAR OG HAPPPRÆTTISVÉLAG.....	27
VÖRUR OG ÞJÓNUSTA.....	28

INNGANGUR

Samkvæmt 4. gr. laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 ber ríkislögreglustjóra að gera áhættumat sem inniheldur greiningu og mat á hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka á Íslandi, svo og leiðir til að draga úr slíkri hættu. Í apríl 2019 birti ríkislögreglustjóri áhættumat sitt samkvæmt nefndu ákvæði. Í samræmi við yfirlýsta stefnu stjórnvalda í málaflokknum vann stýrihópur dómsmálaráðherra aðgerðaáætlun þar sem ráðlagðar voru aðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og veikleikum sem áhættumat ríkislögreglustjóra leiddi í ljós.

Í október 2019 var jafnframt samþykkt sérstök aðgerðaáætlun fyrir Ísland hjá alþjóðlega fjármálaaðgerðahópnum Financial Action Task Force (FATF). Samhliða því var Ísland sett á svokallaðan „gráan lista“ FATF yfir ríki með ófullnægjandi varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Mátti rekja þá niðurstöðu til úttektar FATF sem fram fór hér á landi á árinu 2017, en skýrsla um úttektina var birt í apríl 2018.

Mikil vinna hefur verið innt af hendi af hálfu íslenskra stjórnvalda í málaflokknum á undanförunum árum. Hefur sú vinna m.a. skilað sér í því að í október 2020 fór Ísland af framangreindum gráum lista FATF og hefur jafnframt á undanförunum tveimur árum fengið hækkun á 24 af 40 tilmælum FATF í eftirfylgniferli samtakanna, en í

því ferli er lagt mat á hve vel hefur tekist til að aðlaga íslenska löggjöf að tilmælum FATF. Samhliða því hefur náðst verulegur árangur hvað varðar þær aðgerðir sem ráðlagðar voru í framangreindri aðgerðaáætlun stýrihóps dómsmálaráðherra.

Samkvæmt áðurnefndri 4. gr. laga nr. 140/2018 skal áhættumat ríkislögreglustjóra uppfært á tveggja ára fresti eða oftár ef tilefni er til og hefur endurskoðað áhættumat ríkislögreglustjóra nú litið dagsins ljós. Í samræmi við það hefur aðgerðaáætlun stýrihópsins verið endurskoðuð með hliðsjón af helstu ógnum og veikleikum sem endurskoðað áhættumat hefur leitt í ljós. Í fyrri hluta aðgerðaáætlunarinnar er farið yfir afdrif þeirra aðgerða sem ráðlagt var að grípa til í aðgerðaáætlun stýrihópsins 2019-2021. Í síðari hlutanum er síðan að finna þær aðgerðir sem ráðlagðar eru til að bregðast við niðurstöðum endurskoðaðs áhættumats ríkislögreglustjóra, en gert er ráð fyrir að sú aðgerðaáætlun gildi til ársins 2023 þegar hún mun sæta endurskoðun á nýjan leik, eða fyrr gefist tilefni til, samhliða endurskoðun á áhættumati ríkislögreglustjóra.

Aðgerðaáætlunin hefur verið lögð fyrir ríkisstjórn Íslands til kynningar og tekur þegar gildi.

AÐGERÐAÁÆTLUN 2019-2021

Aðgerðaáætlun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka var samþykkt af ríkisstjórn Íslands og birt í ágúst 2019. Var hún liður í þeirri vinnu sem sett var af stað til að bregðast við niðurstöðum úttektar FATF á vörnum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka eins og áður hefur verið lýst. Þegar aðgerðaáætlunin tók gildi var talsvert verk óunnið. Nýr eftirlitsaðili hafði nýlega tekið við eftirliti með öðrum tilkynningarskyldum aðilum en aðilum á fjármálamarkaði og almenn vitundarvakning um málaflokkinn nauðsynleg innan einkageirans og hjá almenningi svo og innan stjórnkerfisins sjálfs.

Aðgerðaáætlunin tók mið af þessu og innihélt að mörgu leyti nokkurs konar grunnaðgerðir, s.s. um fræðslu, áhættumiðað eftirlit og eflingu á áhættuvitund. Var því í mörgum tilvikum um almennt orðaðar aðgerðir að ræða sem jafnframt eiga það margar hverjar sammerkt að vera viðvarandi og því ekki um eiginleg lok þeirra að ræða í þeim skilningi. Sértekari aðgerðir voru þó einnig ráðlagðar.

Hér á eftir fer samantekt yfir afdrif þeirra aðgerða sem ráðlagðar voru í aðgerðaáætlun stjórnvalda fyrir árin 2019-2021. Þrátt fyrir að um metnaðarfulla aðgerðaáætlun hafi verið að ræða, ber samantektin með sér að mikið verk hafi verið unnið, m.a. hvað

varðar styrkingu eftirlits, fræðslustarfsemi, eflingu áhættuvitundar og almenna vitundarvakningu um málaflokkinn.

Þeim aðgerðum sem telst lokið eru merktar L í meðfylgjandi töflum. Aðgerðir sem eru hafnar og lokið að mestu leyti, s.s. þegar fyrirskipað fræðsluefni hefur að mestu verið gefið út, eru merktar sem LM. Aðgerðum sem er lokið en munu fyrirsjáanlega fela í sér viðvarandi vinnu eru einnig merktar sem slíkar eða V.

Aðgerðum sem er ólokið eru merktar ÓL. Þær eru annaðhvort áfram í endurskoðaðri aðgerðaáætlun og merktar ÁA, eða þær felldar brott. Mat á því ræðst af endurskoðuðu mati á nauðsyn aðgerðarinnar, m.a. með tilliti til áhættuflokkunar, samhengi við aðrar aðgerðir og endurskoðaðs áhættumats ríkislögreglustjóra.

Rétt er að taka fram að í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir hefur orðalag aðgerða verið stytta og þær tilgreindar án samhengis við aðra umfjöllun í aðgerðaáætluninni. Um nákvæmara orðalag og nánara samhengi vísast til aðgerðaáætlunarinnar sjálfar.

SÉRFRÆÐINGAR

Nýr eftirlitsaðili með öðrum tilkynningarskyldum aðilum en fjármálafyrirtækjum, ríkisskattstjóri („Skatturinn“), tók við eftirliti með lögum nr. 140/2018. Lögin tóku gildi 1. janúar 2019 og Skatturinn hefur sinnt eftirliti með öðrum tilkynningarskyldum aðilum frá þeim tíma, þ.á m. með þeim þremur sérfræðistéttum sem teknar voru sérstaklega til skoðunar í áhættumati ríkislögreglustjóra („RLS“) frá 2019, þ.e. lögmönnum, endurskoðendum og löggiltum fasteigna-, fyrirtækja- og skipasölum.

Í tengslum við eftirlitið hefur Skatturinn útbúið áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem tekur til þeirra þriggja sérfræðistétta sem um ræðir og hafið áhættumiðað eftirlit á grundvelli þess. Eftirlitsáætlunin er uppfærð á að lágmarki tveggja ára fresti, eða fyrr ef breytingar verða á ógnum og veikleikum tengdum þessum sérfræðistéttum.

Fræðsluefni fyrir allar þrjár sérfræðistéttirnar hefur verið gefið út, bæði á vegum Skattsins og stýrihóps dómsmálaráðherra um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka („stýrihópurinn“), s.s. um tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, áreiðanleikakönnun og áhættumat. Þá hafa verið haldnir fræðslufundir fyrir allar þrjár sérfræðistéttirnar og samstarf við fagfélög þeirra aukið. Skrifstofa fjármálagreininga lögreglu („SFL“) hefur jafnframt sinnt fræðslu fyrir umræddar sérfræðistéttir, m.a. með þátttöku í kennslu fyrir verðandi lögmenn og fasteignasala, og birtingu fræðsluefnis og fyrirlestra á heimasíðu skrifstofunnar.

Áhættumiðað eftirlit, fræðsla og aukin áhættuvitund innan umræddra sérfræðistétta er viðvarandi verkefni. Sértaekt fræðsluefni hefur verið gefið út og umtalsverð fræðsla fyrir sérfræðistéttirnar farið fram, m.a. á grundvelli fræðslubæklinga, funda og námskeiða.

Lögmenn – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁÁ
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir.	X				
Gefa út fræðsluefni um skyldur lögmanna samkvæmt lögum nr. 140/2018.			X		
Halda fræðslufundi.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL.	X				

Endurskoðendur – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁÁ
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki, áhættumat, stofnun félaga/fjárvörslusjóða á aflandssvæðum, stofnun lögaðila, raunverulegt eignarhald, áhættusama viðskiptamenn, áreiðanleikakönnun og þvingunaraðgerðir.			X		
Halda fræðslufundi.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL.	X				

Fasteignasala – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁÁ
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki, áhættumat, áreiðanleikakönnun og þvingunaraðgerðir.	X				
Halda fræðslufundi.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL.	X				

FJÁRHÆTTUSPIL

Skatturinn sinnir eftirliti með þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem fellur undir flokkinn „fjárhættuspil“ í áhættumati RLS frá 2019, þ.e. veðmálum, happdrætti, lottó, söfnunarkössum og happdrættisvélum, bingó og fjárhættuspili á netinu.

Skatturinn hefur útbúið áhættumiðaða eftirlitsáætlun sem tekur til þeirrar starfsemi sem fellur undir flokkinn „fjárhættuspil“ og hafið áhættumiðað eftirlit á grundvelli þess. Eftirlitsáætlunin er uppfærð á að lágmarki tveggja ára fresti, eða fyrr ef breytingar verða á ógnum og veikleikum tengdum þeirri starfsemi sem um ræðir.

Fræðsluefni hefur verið gefið út fyrir þá starfsemi sem um ræðir, bæði á vegum Skattsins og stýrihópsins, þ.á m. fræðsluefni um vápætti tengda veðmálum, spilakassa og tilkynningar til SFL. Þá hafa verið haldnir fræðslufundir fyrir rekstraraðila spila- og söfnunarkassa á vegum bæði Skattsins og SFL.

Áhættumiðað eftirlit, fræðsla og aukin áhættuvitund innan þess geira er um ræðir er viðvarandi verkefni. Þeirri aðgerð sem lýtur að innleiðingu spilakorta er enn ólokið. Sú aðgerð er enn metin nauðsynleg og færast því yfir í endurskoðaða aðgerðaáætlun. Þeirri aðgerð sem varðar kröfu um að rekstraraðilar spilakassa semji eingöngu við spilastaði þar sem stjórnendur og eigendur eru með gott orðspor er að nokkru mætt með kröfum eftirlitsaðila um áreiðanleikakönnun. Gert er ráð fyrir að eftirlitsaðili meti áframhaldandi nauðsyn slíkrar kröfu og móti þá hugsanlega nánari útfærslu hennar.

Fjárhættuspil á netinu (bingó, happdrætti og lottó) – Lítil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X				
Halda fræðslufundi.	X			X	

Spilakassar – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X				
Halda fræðslufundi.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL.	X				
Innleiða spilakort til að takmarka nafnleysi spilara og koma í veg fyrir „falska vinninga“.		X			X
Gera kröfu um að rekstraraðilar spilakassa semji eingöngu við spilastaði þar sem eigendur og stjórnendur hafa gott orðspor.		X			

Veðmál – Miðlungs áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X				
Halda fræðslufundi.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL.	X				

FJÁRMÁLAMARKAÐUR

Undir flokknum „fjármálamarkaður“ var að finna ráðlagðar aðgerðir er lutu að innlánnum, útlánnum, peningasendingum, rekstrarfélögum verðbréfasjóða, greiðsluþjónustu, verðbréfavíðskiptum og rafeyri.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands („FME“) sinnir eftirliti með þeim aðilum sem falla undir flokkinn „fjármálamarkaður“. Frá þeim tíma er aðgerðaáætlunin var gefin út hefur FME m.a. aukið tíðni vettvangsathugana, hafið eftirlit með áhættumiðaðum aðgerðum tilkynningarskyldra aðila, uppfært og endurskoðað áhættumiðaðar eftirlitsáætlanir og eftir verkferla.

Langflestum aðgerðum undir flokknum „Fjármálamarkaðir“ er lokið. Ekki tókst að ljúka öllum aðgerðum tengdum nýrri tækni. Samkvæmt áhættumati RLS 2021 fellur undirflokkurinn „ný tækni“ nú undir sýndarfé, greiðsluþjónustu og rafeyri.

Umtalsvert fræðsluefni hefur verið gefið út fyrir þá starfsemi sem um ræðir, bæði á vegum FME og stýrihópsins, þ.á m. fræðsluefni um vápætti á bankamarkaði, áhættuþætti á verðbréfamarkaði, áhættumat og áreiðanleikakönnun. Þá hafa verið haldnir fræðslufundir fyrir tilkynningarskylda aðila, samstarf við þá eftir og endurgjöf aukin. Áhættumiðað eftirlit, fræðsla og efling áhættuvitundar innan flokksins er viðvarandi verkefni.

Innlán – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Auka fræðslu með fundum og fræðsluefni um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X				
Eftirlitsaðili framkvæmi þemaúttekt á innlánnum hjá víðskiptabönkum.	X				

Útlán – Miðlungs áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Auka fræðslu með fræðsluefni og fundum um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X				

Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu – Miðlungs áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína og kunnáttu varðandi hættumerki og aðferðir við misnotkun.	X			X	

Peningasendingar – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína og kunnáttu varðandi hættumerki og aðferðir við misnotkun.	X			X	
Eftirlitsaðili útbúi áhættumat.	X			X	
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X			X	
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X				
Gefa út fræðsluefni og halda fræðslufundi um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X			X	

FJÁRMÁLAMARKAÐUR FRH.

Greiðsluþjónusta – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína á áhættu tengdri greiðsluþjónustu.	X			X	
Gefa út fræðsluefni og halda fræðslufundi um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.			X	X	
Eftirlitsaðili tryggir sér aðgang að fullnægjandi og áreiðanlegum upplýsingum um greiðsluþjónustu.	X			X	
Tryggja þarf að viðeigandi sérþekking sé til staðar á einum stað.	X			X	

Verðbréfavíðskipti – Miðlungs áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína á áhættu tengdri verðbréfavíðskiptum.	X			X	
Gefa út fræðsluefni og halda fræðslufundi um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X			X	
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X			X	

Rafeyrir – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína á áhættu tengdri útgáfu rafeyris.	X			X	
Gefa út fræðsluefni og halda fræðslufundi um hættumerki, áhættumat og áreiðanleikakönnun.	X			X	
Eftirlitsaðili skilgreini og miðli hvaða upplýsingar tilkynningarskyldir aðilar þurfi að hafa tiltækar.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumat.	X			X	
Hefja áhættumiðað eftirlit.	X			X	

Ný tækni – Óflokkað					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Eftirlitsaðili auki þekkingu sína á áhættu tengdri nýrri tækni.	X			X	
Eftirlitsaðili hefji þemaúttekt á nýrri tækni.		X			
Eftirlitsaðili útbúi fræðsluefni og haldi fræðslufundi.		X			

ÝMISLEGT

Undir þennan flokk aðgerðaáætlunarinnar féllu ráðlagðar aðgerðir sem lutu að afléttingu fjármagnshafta og kerfiskennitölu, en hvoru tveggja var tekið til sérstakrar skoðunar í áhættumati RLS. Eru umræddir flokkar nokkuð eðlisólíkir flestum öðrum flokkum áhættumatsins og tóku ráðlagðar aðgerðir er þeim tengdust mið af því, en þær tengjast úrræðum og heimildum SFL, tollyfirvalda og FME.

Nýtt skráningarkerfi hefur verið innleitt hjá SFL og þá hafa verið sett lög um skráningu einstaklinga þar sem finna má ákvæði um útgáfu kerfiskennitölu þar sem m.a. er kveðið á um að opinberir aðilar hafi milligöngu um útgáfu slíkra kennitalna. Sú aðgerð sem lýtur að kaupum á erlendum gjaldeyri verður áfram í aðgerðaáætlun, en við mat á nauðsyn hennar er m.a. horft til stefnumiðaðrar greiningar SFL á kaupum á erlendum gjaldeyri sem nú liggur fyrir. Enn er útstandandi aðgerð tengd skráningu erlendra aðila á kaupum á gjaldeyri með reiðufé. FME hefur málið til skoðunar og mun í framhaldinu meta hvort tilefni sé til að leggja til lagabreytingar hvað þetta varðar.

Nýtt verklag hefur verið tekið upp hjá tollyfirvöldum varðandi tilkynningar um framvísanir á reiðufé umfram 10.000 evrur og ný vinnulýsing og verkferlar útbúnir. Þá hefur nýtt skráningarkerfi verið tekið upp. Samstarf hefur verið aukið til muna og m.a. gerður samstarfssamningur milli tollyfirvalda, SFL, RLS og lögreglustjórans á Suðurnesjum. Samvinna við SFL og lögreglu hefur jafnframt verið aukin. Tollalögum var breytt með það að markmiði að kveða skýrt á um skyldu til að tilkynna um flutning reiðufjár til og frá landinu og viðurlög við brotum þar á. Þjálfun á peningahundum er hafin. Leiðbeiningum um tilkynningarskyldu hefur verið komið fyrir í flugstöðvum og afgreiðslustöðvum farþegaskipa og þá er fræðsluefni jafnframt að finna á heimasíðu ríkisskattstjóra. Unnið er að því að útbúa frekara fræðsluefni og undirbúa námskeið, þ.á m. um hættumerki og aðferðir, en í þeim efnum hefur verið rætt hvort sækja megi þjálfun og fræðslu erlendis.

Fyrir Alþingi liggur jafnframt frumvarp til breytinga á tollalögum þar sem heimildir tollyfirvalda til að reka kerfi og skrár eru m.a. styrktar, ákvæði um miðlun á upplýsingum til lögreglu færð til samræmis við ákvæði laga um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, kveðið á um heimildir tollyfirvalda til vinnslu persónuupplýsinga og þeim veitt heimild til að leita í innrituðum farangri án þess að eigandi hans sé viðstaddur leitina.

Aflétting fjármagnshafta – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Uppfæra skráningarkerfi SFL.	X				
Fjármálastofnanir bæti skráningar þegar erlendur gjaldeyrir er keyptur af aðila án kennitölu.			X		X
SFL framkvæmi stefnumiðaða greiningu í tengslum við erlendan gjaldeyri, kynni niðurstöður sínar í Stýrihópnum og upplýsi viðeigandi aðila um hættumerki.	X				
Tollstjóri afli sér þjálfunar um hættumerki og aðferðir.		X			
Auka þarf úrræði tollstjóra til eftirlits með smygli á reiðufé, m.a. með því að þjálfna peningahund, útbúa verklagsreglur, þjálfna starfsmenn, innleiða rafrænt tilkynningakerfi, auka leiðbeiningar, gera eftirlitsáætlun, auka heimildir og auka samvinnu við SFL, og lögreglu.			X		
Veita Seðlabankanum heimildir til að miðla upplýsingum að eigin frumkvæði til annarra eftirlitsstofnanna og bæta fulltrúa Seðlabankans í Stýrihópinn.			X		
Veita gjaldeyriseftirliti Seðlabankans þjálfun um hættumerki og aðferðir í tengslum við erlendan gjaldeyri.			X		

Kerfiskennitala– Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Gera meiri kröfur til útgáfu kerfiskennitalna þannig að fjármálastofnanir og einkaaðilar geti ekki verið milligönguaðilar.	X				

LÖGAÐILAR

Í þessum flokki aðgerðaáætlunarinnar voru aðgerðir sem lutu að einkahlutafélögum og raunverulegum eigendum lögaðila, en hvoru tveggja var metið í mikilli áhættu í áhættumati RLS. Ráðlagðar aðgerðir tengdar einkahlutafélögum tóku einnig til annarra félaga eftir því sem við gat átt.

Verulegar umbætur voru gerðar hvað varðar skráningu raunverulegra eigenda lögaðila með lögum um það efni nr. 82/2019. Þá laut ein aðgerðin á aðgerðaáætlun Íslands hjá FATF að því að ljúka skráningu raunverulegra eigenda lögaðila. Taldist þeirri aðgerð lokið þegar um 93% allra skráðra lögaðila í fyrirtækjaskrá höfðu skráð raunverulega eigendur. Hefur það hlutfall hækkað síðan þá og er hlutfall einkahlutafélaga sem skráð hafa raunverulega eigendur enn hærra. Þá laut önnur aðgerð að því að tryggja rétta og uppfærða skráningu grunnupplýsinga í fyrirtækjaskrá. Hefur talsverður árangur náðst þar samhliða skráningu raunverulegra eigenda, en um viðvarandi verkefni að ræða. Sektir eru lagðar á vegna ófullnægjandi ársreikningsskila.

Unnið er að því að ljúka endanlega við skráningu raunverulegra eigenda lögaðila. Í tengslum við þá vinnu er fyrirhugað að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum nr. 82/2019 til einföldunar á því afskráningarferli sem lögin mæla fyrir um gagnvart lögaðilum sem skirrast við að skrá raunverulega eigendur sína. Aðrar heimildir til afskráningar eru ekki fyrirhugaðar. Talsverður fjöldi lögaðila hefur verið afskráður í tengslum við skráningu raunverulegra eigenda, þ.á m. yfir 400 einkahlutafélög.

Sú aðgerð sem lýtur að aðilum sem selja svokölluð skúffufélög er metin í ljósi skráninga raunverulegra eigenda. Þá er enn verið að vinna í þeim aðgerðum sem lúta að því að meta hæfi og tryggja aðgang eftirlitsaðila að upplýsingum um hæfi og dóma um missi þess, svo og fræðslu um stofnun, starfsemi og slit einkahlutafélaga. Ákvæði um atvinnurekstrarbann er nú að finna í 4. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga og frumvarp þar sem gerð er tillaga um slíkt ákvæði í lög um gjaldprotaskipti o.fl. komið á þingmálaskrá.

Í lögum nr. 82/2019 er m.a. kveðið á um skráningu upplýsinga um raunverulega eigendur, skyldu til að uppfæra þær og reglur um varðveislu þeirra. Þá eru ákvæði um viðurlög í lögnum en viðurlagaheimildir hafa einnig verið auknar í lögum um fyrirtækjaskrá og með lögum nr. 140/2018. Fyrirtækjaskrá hefur eftirlit með skráningu raunverulegra eigenda. Mikil fræðsla, kynning og endurgjöf fór fram af hálfu fyrirtækjaskrár í tengslum við áttak það sem farið var í við skráningu raunverulegra eigenda.

Einkahlutafélög – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Gera kröfu í lögum að upplýsingar um raunverulegt eignarhald liggja ávallt fyrir.	X				
Tryggja að upplýsingar í fyrirtækjaskrá séu réttar og að skattframtölum og ársreikningi sé skilað.			X	X	
Gera kröfu um að aðilar sem selja „skúffufélög“ tilkynni um söluna til fyrirtækjaskrár og viðskiptabanka.		X			
Veita fyrirtækjaskrá heimildir til að afskrá/slíta félögum sem eru ekki í rekstri.			X		
Meta hvort hægt sé að auka hæfiskröfur stofnenda og eigenda einkahlutafélaga.		X			X
Tryggja að eftirlitsaðilar hafi óheftan aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi.		X			X
Veita fræðslu um stofnun, starfsemi og slit einkahlutafélaga.			X	X	
Bæta þarf eftirlit ársreikningaskrár.				X	
Tryggja að upplýsingar um raunverulega eigendur séu til staðar á hverjum tíma.	X				
Þrengja þarf skorður við kennitölufлакki, t.d. með atvinnurekstrarbanni.			X		
Fækka þarf einkahlutafélögum.			X		

LÖGAÐILAR FRH.

Raunverulegur eigandi – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Innleiða löggjöf um raunverulegt eignarhald.	X				
Tryggja viðeigandi eftirlit með skráningu á raunverulegu eignarhaldi.	X				
Undirbúa fræðsluefni um raunverulegt eignarhald.	X				
Veita eftirlitsaðilum fullnægjandi viðurлагаheimildir til að bregðast við brotum.	X				
Tryggja að sérfræðingar og fjármálafyrirtæki komi ekki fram sem raunverulegur eigandi lögaðila í eigu viðskiptamanna þeirra.	X				
Tryggja að eftirlitsaðilar hafi aðgang að dómum sem leiða til missis á hæfi til að vera raunverulegur eigandi.		X			

ALMANNAHEILLAFÉLÖG

Í þessum flokki aðgerðaáætlunarinnar voru aðgerðir sem lutu að trú- og lífsskoðunarfélögum, sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá og öðrum almannaheillafélögum, en öll þessi félagaform voru metin í verulegri áhættu á misnotkun hvað varðar peningabætti.

Þær aðgerðir sem lutu að trú- og lífsskoðunarfélögum og sjóðum og stofnunum sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sneru einkum að því að efla eftirlit með slíkum félögum og sjóðum, tryggja yfirsýn yfir fjárreiður þeirra, svo og að gera ríkari kröfur til hæfis stjórnenda þeirra og fyrirsvarsmanna. Forsenda slíkra aðgerða eru nauðsynlegar breytingar á þeim lögum sem gilda um þessi félög og sjóði. Slíkar lagabreytingar hafa ekki átt sér stað, en eru enn metnar nauðsynlegar. Er því gert ráð fyrir að ráðlagðar aðgerðir tengdar þessum félögum og sjóðum verði áfram hluti aðgerðaáætlunarinnar.

Mikill árangur náðist hvað önnur almannaheillafélög varðar, en eftirlit með áhættusömum almannaheillafélögum, með tilliti til hættu á fjármögnun hryðjuverka, var ein þeirra aðgerða sem finna mátti á aðgerðaáætlun Íslands hjá FATF. Umrædd félög voru áhættumetin, áhættuflokkuð og eftirlit með þeim aukið en ríkisskattstjóri fer nú með eftirlit með umræddum félögum í kjölfar breytinga á 38. gr. laga nr. 140/2018. Sett voru ný lög um skráningarskyldu félaga til almannaheilla með starfsemi yfir landamæri nr. 119/2019, þar sem slíku félögum er m.a. gert að skrá sig. Þá var gefið út fræðsluefni og haldnir fræðslufundir og námskeið fyrir fyrirsvarsmenn slíkra félaga og samstarfs milli stjórnvalda varðandi málaflökkinn aukið.

Skráð trú- og lífsskoðunarfélög – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Gera kröfu um hæfi fyrirsvarsmanna sambærilega við kröfur 37. gr. laga nr. 140/2018.		X			X
Gera kröfu um að stjórnendur séu búsettir hér á landi eða með sérstök tengsl við landið.		X			X
Eftirlitsaðili gæti að því að aðilar uppfylli hæfisskilyrði á hverjum tíma.		X			X
Tryggja að eftirlitsaðili hafi óheftan aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi.		X			X
Bæta við ákvæðum um ráðstöfun fjármuna í lög um skráð trú- og lífsskoðunarfélög.		X			X
Fela ríkisendurskoðanda að yfirfara fjárreiður.		X			X
Veita eftirlitsaðila fullnægjandi heimildir og þvingunarúrræði.		X			X
Halda námskeið fyrir eftirlitsaðila og gefa út fræðsluefni um aðferðir og hættumerki		X			X

Sjóðir og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Gera kröfu um hæfi fyrirsvarsmanna sambærilega við kröfur 37. gr. laga nr. 140/2018.		X			X
Eftirlitsaðili gæti að því að aðilar uppfylli hæfisskilyrði á hverjum tíma.		X			X
Tryggja að eftirlitsaðili hafi óheftan aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi.		X			X
Veita eftirlitsaðila fullnægjandi heimildir og þvingunarúrræði.		X			X
Veita eftirlitsaðilum heimild til að afskrá sjóði/stofnanir sem ekki hafa verið með starfsemi í 12 mánuði.		X			X
Taka upp hóflegt skráningargjald.		X			X

ALMANNAHEILLAFÉLÖG FRH.

Önnur almannaheillafélög – Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Gera almannaheillafélög skráningarskyld.	X				
Taka upp eftirlit með þeim félögum sem eru viðkvæm fyrir misnotkun hvað varðar fjármögnun hryðjuverka.	X				
Efla fræðslu með fundum og fræðsluefni varðandi starfsemi þeirra, góða stjórnarhætti, meðferð fjármuna og áhættu af flutningi þeirra yfir landamæri.	X			X	
Efla samstarf milli stjórnvalda.	X			X	
Koma upp tengilið hjá Ríkislögreglustjóra.	X				

REIÐUFÉ

Ráðlagðar aðgerðir tengdar notkun reiðufjár voru tvenns konar. Annars vegar hvað varðar flutning reiðufjár til og frá Íslandi og hins vegar varðandi reiðufjárviðskipti. Áhætta tengd báðum þessum flokkum var metin mikil í áhættumati RLS.

Ráðlagðar aðgerðir tengdar fyrri flokknum lutu að mestu leyti að sömu aðgerðum og ráðlagðar voru gagnvart tollayfirvöldum í flokknum „Aflétting hafta“. Haldið var sérstakt námskeið varðandi fjármögnun hryðjuverka á vegum RLS haustið 2019, þar sem m.a. var fjallað um peningasendingar og þá hafa hlutaðeigandi stjórnvöld gert með sér samstarfssamning um samstarf vegna starfsemi á landamærum. Hvað varðar aðgerðir FME tengdum reiðufjárviðskiptum þá standa athuganir á viðfangsefninu yfir og má gera ráð fyrir að þeim ljúki á næstunni. Í framhaldinu verður metið til hvaða ráðstafana er nauðsynlegt að grípa gagnvart tilkynningarskyldum aðilum.

Gefið hefur verið út fræðsluefni um vápætti í starfsemi þar sem mikið er um reiðufjárnotkun og haldnir fræðslufundir, m.a. fyrir samtök verslunar og þjónustu. Aðgerðir sem lúta að takmörkun reiðufjárviðskipta og skyldu til tilkynninga um viðskipti yfir ákveðnum mörkum til SFL verða ekki áfram í aðgerðaáætlun en vísað er til ráðlagðrar aðgerðar um greiningu á reiðufjárnotkun.

Reiðufé, flutningur til og frá Íslandi - Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Halda námskeið fyrir tollayfirvöld um aðferðir og hættumerki. Sjá einnig aðgerð 4 í „afléttingu hafta“.		X			
Auka þarf úrræði tollayfirvalda til að fylgjast með flutningi fjármuna yfir landamæri. Sjá aðgerð 5 í „aflétting hafta“.	X				

Reiðufjárviðskipti - Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
FME geri kröfu til fjármálafyrirtækja um að þau: - flokki viðskiptamenn, sem jafnframt eru lögaðilar, eftir starfsemi, - búi yfir nauðsynlegum verkfærum til að meta hvort innlagnir þeirra séu í samræmi við umfang starfsemi þeirra og greina endurteknar innlagnir af hálfu einstaklinga, - greini reglulega reiðufjárinnlagnir til að varpa ljósi á frávík.			X		
Útbúa fræðsluefni um hættumerki og aðferðir og senda aðilum sem almennt stunda mikil reiðufjárviðskipti.	X				
Takmarka fjárhæð reiðufjár sem heimilt er að taka við vegna kaupa á vörum og þjónustu við 300 þúsund.		X			
Gera fjármálafyrirtækjum skylt að tilkynna til SFL um öll viðskipti/innlagnir í reiðufé yfir 1200 þúsund.		X			

VERSLUN OG ÞJÓNUSTA

Í áhættumati ríkislögreglustjóra var verslun og þjónusta metin í verulegri hættu á misnotkun á meðan seljendur eðalmála og -steina voru metnir í miðlungs áhættu. Umtalsvert fræðsluefni hefur verið gefið út í samræmi við ráðlagðar aðgerðir og vísast til fyrri umfjöllunar þar um. Þá hafa verið haldnir ýmsir fræðslufundir fyrir aðila innan flokkanna, þ.á m. um tilkynningar til SFL. Skatturinn, sem eftirlitsaðili þeirra sem falla innan flokkanna, hefur innleitt og hafið áhættumiðað eftirlit í báðum geirum.

Verslun og þjónusta - Veruleg áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Standa fyrir þjálfun og gefa út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir, áhættumat, áhættusama viðskiptamenn, áreiðanleikakannanir, eftirlit og aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka.	X				
Eftirlitsaðili útbúi áhættumiðaða eftirlitsáætlun.	X				
Hafa eftirlit með því að aðilar innan flokksins uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 140/2018.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda námskeið.	X				

Seljendur eðalmála og -steina – Miðlungs áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Standa fyrir þjálfun og gefa út fræðsluefni um hættumerki og aðferðir, áhættumat, áhættusama viðskiptamenn, áreiðanleika-kannanir, eftirlit og aðgerðir gegn fjármögnun hryðjuverka.	X				
Innleiða áhættumiðað eftirlit á grundvelli greiningar.	X				
Hafa eftirlit með því að aðilar innan flokksins uppfylli skyldur sínar samkvæmt lögum nr. 140/2018.	X			X	
Gefa út fræðsluefni um tilkynningar til SFL og halda námskeið.	X				

FRUMBROT

Í þessum flokki aðgerðaáætlunarinnar var að finna ráðlagðar aðgerðir tengdar skattsvikum sem frumbroti peningaþvættis. Aðgerðir varðandi önnur frumbrot voru ekki ráðlagðar að öðru leyti en því að lagt var til að fræðsla til lögreglu og ákæranda um rannsókn og saksókn peningaþvættis yrði aukin og tryggt að lögregla kannaði í hverju tilviki hvort rannsaka eigi peningaþvætti samhliða frumbroti, en veruleg aukning hefur orðið í rannsókn og saksókn peningaþvættisbrota.

Samstarf milli stjórnvalda innan málaflokksins hefur verið aukið, auk þess sem fræðsluefni hefur verið gefið út og fræðslufundir haldnir. Þá er unnið að yfirgripsmiklu námskeiði á vegum skattrannsóknardeilda Norðurlandanna, þar sem þátttakendur verða m.a. þjálfaðir í því hvernig koma megi auga á peningaþvætti vegna skattsvika sem teygja sig til margra landa. Í framhaldi af námskeiðinu mun fara fram kennsla hjá embætti skattrannsóknarstjóra. Óloknum aðgerðum er mætt með þeirri aðgerð sem ráðlögð er í sama flokki.

Með lögum nr. 56/2019 voru m.a. gerðar breytingar á 262. gr. almennra hegningarlaga um stórfelld skattalagabrot í þeim tilgangi að stemma stigu við misnotkun á hlutafélagaförminu og kennitölufлакki í atvinnurekstri. Á árinu 2019 var jafnframt lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um gjaldþrotaskipti í sama tilgangi en það frumvarp náði ekki fram að ganga. Þá hafa verið samþykktar breytingar á lögum um tekjuskatt varðandi rannsókn og saksókn skattalagabrota, sbr. lög nr. 29/2021. Snúa þær breytingar annars vegar að kröfum sem leiða má af dómum Mannréttindadómstóls Evrópu varðandi svokallaða ne bis in idem reglu og hins vegar að stofnanafyrirkomulagi og málsmeðferð. Þrjár aðgerðir tengdar skattsvikum eru áfram í aðgerðaáætluninni en mat á eftirlitsheimildum og úrræðum Skattsins er viðvarandi.

Skattsvik – Mikil áhætta					
Ráðlögð aðgerð	L	ÓL	LM	V	ÁA
Skoða þarf hvort eftirlitsheimildir og úrræði Skattsins séu fullnægjandi.				X	
Gefa út fræðsluefni og halda fræðslufundi um skattsvik.			X	X	
Efla þarf samstarf milli þeirra sem eiga aðkomu að málaflokknum.	X			X	
Horfa þarf á þær aðgerðir sem beint er að einkahlutafélögum, ekki síst hvað varðar kennitölufлакki og ársreikninga.			X	X	
Efla þarf aðgerðir gegn skattsvikum tengdum erlendum kreditkortum.		X			X
Þörf er á sterkari úrræðum í lögum um virðisaukaskatt tengd kennitölufлакki og misnotkun á félagaförmi.		X			X
Stemma þarf stigu við því hve auðvelt er að stofna félagakeðjur sem nýttar eru til skattsvika.		X			X
Tryggja að skattalagabrot séu rannsökuð og sæti ákæru að skilyrðum uppfylltum.			X		

AÐGERÐAÁÆTLUN 2021-2023

Þann 25. mars 2021 birti ríkislögreglustjóri endurskoðað áhættumat sitt vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka. Í áhættumatinu er lagt mat á samtals 38 matsþætti eða flokka. Frá áhættumatinu 2019 bætast við áhættumatsþættir sem lúta að almennum félögum og félagasamtökum, gjaldeyrisskiptum, bókurum og bifreiðaumboðum og –sölum. Áhættumatsþættir er lutu að bingó, afléttingu fjármagnshafta og fjölgun ferðamanna eru ekki teknir til mats á ný. Þá er hættan af fjármögnun hryðjuverka metin í sérkafla þar sem tveir matsþættir eru teknir til skoðunar.

Helstu niðurstöður áhættumatsins eru þær að enginn matsþáttur er metinn hærra en í áhættumatinu 2019 og þá lækkuðu eftirfarandi matsþættir :

Önnur almannaheillafélög (úr verulegri áhættu í miðlungs áhættu).

Raunverulegur eigandi (úr mikilli áhættu í miðlungs áhættu).

Lögmenn (úr mikilli áhættu í verulega áhættu).

Kerfiskennitala (úr verulegri áhættu í miðlungsáhættu).

Þeir matsþættir sem enn eru taldir í mikilli áhættu hvað varðar peningaþvætti eru skattsvik, reiðufé (tveir af þremur undirflokkum), einkahlutafélög, peningasendingar og söfnunarkassar og happdrættisvélur.

Í aðgerðaáætluninni eru ráðlagðar aðgerðir til að bregðast við þeim veikleikum og eftir atvikum, ógnum, sem tilgreindar eru í áhættumati Ríkislögreglustjóra þegar kemur að matsþáttum í mikilli eða verulegri áhættu. Þá er jafnframt tilgreint hverjir skuli annast um framkvæmd þeirra ráðlögðu aðgerða sem um ræðir og innan hvaða tímamarka þeim skuli vera lokið. Umræddar aðgerðir eru mismunandi eftir því um hvaða matsþátt er að ræða og þeim ógnum og veikleikum sem greindir eru. Hvað reiðufé varðar er t.a.m. einungis ráðlögð ein aðgerð sem lýtur að því að vinna greiningu á umfangi reiðufjárúttekta einstaklinga og lögaðila svo unnt verði að grípa til hnitmiðaðri aðgerða á seinni stigum, eftir atvikum í kjölfar næsta áhættumats. Þeir veikleikar sem tengjast sérfræðingum eru hins vegar þess eðlis að ráðlagðar aðgerðir lúta fyrst og fremst að fræðslu hvað varðar skyldur þeirra þegar kemur að vörnum gegn peningaþvætti, en heildstæðu eftirliti með umræddum sérfræðingum að því leyti var fyrst komið á í byrjun árs 2019.

Ekki eru ráðlagðar aðgerðir gagnvart matsþáttum sem metnir eru í miðlungs eða lítilli áhættu.

SKATTSVIK SEM FRUMBROT

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Málum tengdum skattalagabrotum hefur fjölgað og virðast alvarlegri en áður.
- Til rannsóknar eru t.d. brotahópar sem nota félög til að misnota virðisaukaskattskerfið. Verknaðaraðferðin er útgáfa og nýting á tilhæfulausum söluveitingum.
- Fjármunir að langstærstu leyti teknir út í reiðfé þannig að ógerningur er að rekja slóð þeirra.
- Áhrifaþáttur hve auðvelt aðgengi er að ýmsum tegundum félaga og hve auðvelt er að misnota þau.
- Viðhorf almennings til skattsvika virðist vera mildara en til annarra brota.
- Viðurlög virðast ekki hafa tilætluð varnaðaráhrif.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Skipa starfshóp með fulltrúum hlutaðeigandi stjórnvalda til að móta raunhæfar tillögur um viðbrögð og aðgerðir til að bregðast við fjölgun brota tengdu peningaþvætti þar sem m.a. einkahlutafélög eru notuð við misnotkun á virðisaukaskattskerfinu og almenna skattkerfinu með útgáfu tilhæfulausra reikninga. Við mótun tillagna verði eftirfarandi atriði m.a. tekin til skoðunar:
 - Notkun reiðufjár við slík brot.
 - Möguleikar yfirvalda til að stöðva brot á fyrri stigum.
 - Viðurlög.
 - Starfshópnum falið að meta hvort rétt sé að tillögur um aðgerðir verði settar fram í lagafrumvarpi.
- Fylgjast með og meta áhrif af lögum nr. 29/2021 um breytingu á lögum er varða rannsókn og saksókn skattalagabrota.

FRAMKVÆMD:

- Fjármálaráðuneytið stýri aðgerð um skipan starfshóps. Stýrihópur veitir aðstoð.
- Skatturinn og Héraðssaksóknari fylgist með og meti áhrif laga nr. 29/2021.

TÍMALÍNA:

- Starfshópur skipaður september 2021 og skili tillögum fyrir lok febrúar 2022.
- Eftirfylgni með áhrifum laga nr. 29/2021 er viðvarandi.

REIÐUFÉ

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Flutningur reiðufjár til og frá Íslandi.
 - Auðvelt, einfalt og ódýrt er að flytja reiðufé yfir landamæri Íslands. Mikill fjöldi ferðast til og frá landinu og margar leiðir færar.
 - Tilkynningar um reiðufé bundnar við tilkynningarskyldu þess sem hefur reiðfé undir höndum. Fáar tilkynningar koma fram.
 - Eftirlit með flutningi fjármuna yfir landamæri er lítið.
- Reiðufjárviðskipti.
 - Aðgengi að reiðfé er gott og auðvelt að koma því í umferð. Reiðufé sem komið er í umferð er órekjanlegt.
 - Aðgengi að erlendum gjaldeyri er gott og auðvelt að skipta út íslenskum krónum.
 - Engar hömlur á notkun reiðufjár.
 - Lítið vitað um raunverulega notkun á reiðufé.
- Háir peningaseðlar í umferð.
 - Helstu ógnir sambærilegar og í reiðufjárviðskiptum.
 - Ekki liggur fyrir vitneskja um hvar háir peningaseðlar eru mest notaðir í viðskiptalífinu.

FRAMKVÆMD:

- Skattranssóknarstjóri stýrir aðgerð.
- Fjármálaeftirlit Seðlabankans og Héraðssaksóknari veita aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Vinna greiningu á umfangi reiðufjárúttekta einstaklinga og lögaðila.
 - Afla upplýsinga frá fjármálastofnunum um reiðufjárúttektir af bankareikningum lögaðila og einstaklinga sem eiga sér stað í gegnum hraðbanka og hjá gjaldkerum innan ákveðinna marka.
 - Það sem óskað yrði eftir:
 - Heildarumfang reiðufjárúttekta skipt eftir hraðbönkunum og heimsókn til gjaldkera
 - Heildarumfang reiðufjárúttekta lögaðila
 - Heildarumfang reiðufjárúttekta einstaklinga
 - Fjöldi úttekta yfir 3 milljónir hjá lögaðilum og heildarfjárhæð
 - Fjöldi úttekta yfir 5 milljónir hjá einstaklingum og heildarfjárhæð
- Markmiðið að afla upplýsinga um úttektir reiðufjár innan framangreindra forsenda sem hægt yrði nýta við áhættugreiningu þar sem lagt yrði mat á hve stór hluti slíkra úttekta tengist brotastarfsemi. Slíka greiningu yrði unnt að nota til að kortleggja betur áhættu af peningþvætti, m.a. hvað varðar skattsvik og reiðufé og grípa til hnitmiðaðri aðgerða til að bregðast við þeirri áhættu.
- Aðgerð sem einnig tengist flokkunum „Skattsvik“ og „Einkahlutafélög“.

TÍMALÍNA:

- Undirbúningur hefjist haust 2021. Greining liggja fyrir í lok september 2022.

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Auðvelt, ódýrt og fljótlegt er að stofna einkahlutafélag. Auðvelt að koma upp neti félaga.
- Engar lagakröfur gerðar til eigenda einkahlutafélaga og takmarkaðar kröfur gerðar til stofnenda þeirra.
- Þau úrræði sem unnt er að beita fyrirsvarsmenn eru takmörkuð og óskilvirk.
- Skortur á eftirfylgni með missi hæfis stjórnenda einkahlutafélaga.
- Engin skylda er að slíta einkahlutafélögum sem hætt hafa starfsemi.
- Virkt eftirlit með ársreikningsskilum er takmarkað og byggir t.a.m. ekki á markvissri greiningu á brotamynstri.
- Undanskot eigna og kennitölufلاك stórt vandamál í fyrirtækjarekstri.
- Þekkt að svört atvinnustarfsemi sé í einhverjum tilvikum stunduð samhliða rekstri einkahlutafélaga.

FRAMKVÆMD:

- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og dómismálaráðuneytið stýra aðgerð.
- Stýrihópur veiti aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Tryggja að einkahlutafélögum sem ekki skila ársreikningi innan gefins frests sé slitið.
- Metið verði hvort hægt sé að setja sérstakar hæfisreglur um aðila sem endurtekið hafa verið í forsvari fyrir félög sem verða gjaldþrota.
- Endurskoða ákvæði um skoðunarmenn í lögum um bókhald og lögum um ársreikninga.
- Bæta eftirlit með félögum í tengslum við skil á ársreikningum, t.d. með rekstrarkostnaði.
- Metið verði hvort hægt sé að auka hæfiskröfur til stofnenda einkahlutafélaga.
- Skoða hvort ekki sé ástæða til þess að víkka út atvinnurekstrarbann til þess að sporna við kennitöluflakki, sbr. eldra frumvarp til laga um breytingu á lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991.
- Tryggja að eftirlitsaðilar hafi aðgang að upplýsingum um hvort aðilar hafi misst hæfi.
- Ljúka vinnu við endanlega skráningu raunverulegra eigenda lögaðila með framlagningu frumvarps til breytinga á lögum nr. 82/2019 til einföldunar á því afskráningarferli sem lögin mæla fyrir um gagnvart lögaðilum sem ekki hafa skráð raunverulega eigendur.

TÍMALÍNA:

- Aðgerðum almennt lokið fyrir lok árs 2022.
- Frumvarp til breytinga á lögum nr. 82/2019 lagt fram haustið 2021.

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Ekkert eftirlit er með starfsemi þessara félaga og heildaryfirsýn yfir þau skortir.
- Engar almennar hæfiskröfur eru gerðar til stofnenda, eigenda eða fyrirsvarsmanna.
- Hvergi liggja fyrir upplýsingar um hvernig fjárreiðum og reikningskilum þessara félaga er háttað.
- Engin heildarlög gilda um starfsemi þessara félaga.
- Engar leiðbeiningar hafa verið gefnar út eða fræðsla farið fram, s.s. um stjórnarhætti þessara félaga, fjárreiður eða reikningskil.

FRAMKVÆMD:

- Fyrirtækjaskrá stýrir aðgerð.
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skattur og Stýrihópur veita aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Uppfæra leiðbeiningar hjá fyrirtækjaskrá út frá sjónarhorni varna gegn peningabætti, stjórnarháttum, reikningskilum o.fl.
- Útbúa og gefa út leiðbeiningar um slit og afskráningu almennra félaga og félagsamtaka handa þeim sem stofna og reka slík félög.
- Kanna grundvöll þess að auðvelda afskráningu og slit almennra félaga og félagsamtaka.

TÍMALÍNA:

- Yfirfarnar leiðbeiningar gefnar út vor 2022.
- Leiðbeiningar um slit gefnar út vor 2022.
- Mat á því hvort unnt sé að auðvelda afskráningu og slit liggja fyrir haust 2022.

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Engar kröfur eru gerðar til stofnenda eða stjórnarmanna.
- Engar reglur eru um ráðstöfun fjármuna.
- Eftirlit með fjárreiðum og bókhaldi er takmarkað og það sama á við um úrræði eftirlitsaðila.
- Engar hæfiskröfur gerðar til þeirra sem annast um fjárreiður.
- Gildandi lög fáorð um eftirlit og heimildir eftirlitsaðila fátækleg.
- Gildandi lög kveða ekki á um viðurlagatengd úrræði.
- Erlendir aðilar eða aðilar með erlend tengsl geta átt aðkomu að slíkum félögum með þeim möguleikum að starfsemi þess nái yfir landamæri.

FRAMKVÆMD:

- Dómsmálaráðuneytið stýrir aðgerð.
- Ríkislögreglustjóri og stýrihópur veita aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Endurskoða og breyta lögum um skráð trú- og lífsskoðunarfélög nr. 108/1999, m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:
 - Kröfur til stofnenda og fyrirsvarsmanna, m.a. hvað varðar búsetu og hæfi.
 - Ráðstöfun fjármuna.
 - Eftirlit með starfsemi, hæfi og fjárreiðum.
 - Heimildir og þvingunarúrræði eftirlitsaðila.

TÍMALÍNA:

- Undirbúningur lagabreytinga hefjist haust 2021.
- Frumvarp lagt fram fyrir áramót 2022/2023.

SJÓDIR OG STOFNANIR SEM STARFA SAMKVÆMT STAÐFESTRI SKIPULAGSSKRÁ

FORGANGUR

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Stofnun slíkra sjóða og stofnana er einföld og auðvelt að fara með yfirráð í þeim.
- Ekki eru gerð kröfur um hæfi þeirra sem stjórna slíkum sjóðum og stofnunum.
- Ekki eru gerðar strangar kröfur til utanumhalds fjármuna.
- Lögbundið eftirlit er takmarkað og lýtur einkum að skilum á ársreikningum.
- Ársreikningsskil eru ófullnægjandi.
- Engin viðurlög eru við því að skila ekki ársreikningi og úrræði í gildandi löggjöf fátækleg að öðru leyti.

FRAMKVÆMD:

- Dómsmálaráðuneytið stýrir aðgerð.
- Ríkislögreglustjóri og stýrihópur veita aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Endurskoða og breyta lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988, m.a. hvað varðar eftirtalin atriði:
 - Kröfur til stofnenda og fyrirsvarsmanna, m.a. hvað varðar búsetu og hæfi.
 - Ársreikningsskil og viðurlögum þeim tengdum
 - Eftirlit með starfsemi, hæfi og fjárreiðum.
 - Heimildir og þvingunarúrræði eftirlitsaðila

TÍMALÍNA:

- Undirbúningur lagabreytinga hefjist haust 2021.
- Frumvarp lagt fram fyrir áramót 2022/2023.

FJÁRMÁLAMARKAÐUR

Innlánastarfsemi Greiðsluþjónusta Útgáfa rafeyris Gjaldeyrisskipti

FORGANGUR

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Sömu veikleikar eru að miklu leyti til staðar innan framangreindra fjögurra undirflokka sem heyra undir flokkinn „fjármálamarkaður“ í áhættumati RLS en hættan af peningþvætti var metin veruleg í öllum þessum flokkum. Umræddir veikleikar lúta að áhættumiðuðum aðgerðum tilkynningarskyldra aðila, m.a. hvað varðar áhættuflokkun viðskiptamanna og áhættumiðað eftirlit. Sömu aðgerðir eru því ráðlagðar fyrir þessa fjóra flokka.
- Í undirflokknum „Gjaldeyrisskipti“ eru nafnlaus viðskipti og hátt hlutfall reiðufjárviðskipta tilgreind sem ógn. Aðgerð tengd bættri skráningu við gjaldeyriskaup flyst yfir úr eldri aðgerðaáætlun.

FRAMKVÆMD:

- Fjármálaeftirlit Seðlabankans stýrir aðgerðum.
- Stýrihópur veitir aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Sinna áfram eftirliti með áhættumiðuðum aðgerðum tilkynningarskyldra aðila með hliðsjón af þeirri áhættu sem hefur verið greind hjá einstökum aðilum.
 - Eftirlit þarf að taka mið af því að hjá mörgum tilkynningarskyldum aðilum kunna nýjar hættur og tækifæri að skapast með notkun nýrrar tækni.
- Gefa út lærdómsskýrslu í kjölfar þemaathugunar á áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum
- Uppfæra fræðsluefni fyrir tilkynningarskylda aðila með áherslu á þá veikleika sem komið hafa í ljósi við eftirlit og úttektir eftirlitsaðila.
- Halda fræðslufundi varðandi áhættumiðaðar aðgerðir tilkynningarskyldra aðila.
- Kanna nauðsyn þess að fjármálastofnanir bæti skráningar þegar erlendur gjaldeyris er keyptur af aðila án kennitölu.

TÍMALÍNA:

- Eftirlit er viðvarandi.
- Lærdómsskýrsla verði tilbúin eigi síðar en í lok árs 2021.
- Fræðslufundir haldnir og fræðsluefni verði tilbúið fyrir lok árs 2021.

FJÁRMÁLAMARKAÐUR

Peningasendingar

FORGANGUR

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Veikleikar eru til staðar hjá tilkynningarskyldum aðilum, m.a. hvað varðar áhættuflokkun viðskiptamanna og áhættumiðað eftirlit. Hafa verður hliðsjón af því að peningasendingar hér á landi eru aðeins stundaðar af umboðsaðilum erlendra greiðslustofnana. Þá byggir þjónusta tengd peningasendingum að mörgu leyti á reiðufé og kann að tengjast áhættusömum ríkjum.

FRAMKVÆMD:

- Fjármálaeftirlit Seðlabankans stýrir aðgerð.
- Stýrihópur veitir aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Sinna áfram eftirliti með áhættumiðuðum aðgerðum tilkynningarskyldra aðila með hliðsjón af þeirri áhættu sem hefur verið greind hjá einstökum aðilum.
 - Eftirlit þarf að taka mið af því að hjá mörgum tilkynningarskyldum aðilum kunna nýjar hættur og tækifæri að skapast með notkun nýrrar tækni.
- Gefa út lærdómsskýrslu í kjölfar þemaathugunar á áhættumiðuðum aðgerðum hjá tilkynningarskyldum aðilum
- Gefa út fræðslufni fyrir tilkynningarskylda aðila með áherslu á þá veikleika sem komið hafa í ljósi við eftirlit og úttektir eftirlitsaðila.
- Halda fræðslufundi varðandi áhættumiðaðar aðgerðir tilkynningarskyldra aðila.
- Efla samstarf við erlendar eftirlitsstofnanir varðandi eftirlit með umboðsaðilum greiðslustofnana.
- Kanna nauðsyn þess að gera kröfu í lögum um að áreiðanleikakönnun skuli framkvæmd við lægri fjárhæðarmörk í tilviki aðila sem bjóða upp á peningasendingar.

TÍMALÍNA:

- Eftirlit og samstarf er viðvarandi.
- Lærdómsskýrsla verði tilbúin eigi síðar en í lok árs 2021
- Fræðslufundir haldnir og fræðslufni verði tilbúið fyrir lok árs 2021.
- Verði gerðar lagabreytingar þá fari þær fram fyrir lok árs 2021.

SÉRFRÆÐINGAR

Lögmenn

Endurskoðendur

Fasteignasalar

Bifreiðaumboð- og salar

FORGANGUR

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Eðlislæg áhætta er til staðar hjá öllum þeim sérfræðistéttum sem um ræðir.
- Vísbendingar eru um að hluti lögmanna fullnægi ekki skilyrðum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, t.a.m. hvað varðar framkvæmd áreiðanleikakönnunar, áhættumiðað eftirlit, eftirfylgni við áhættumat og varðveislu gagna.
- Eftirlit hefur leitt í ljós vísbendingar um að endurskoðendur sýni ekki fullnægjandi aðgát við áritun reikninga og framkvæmd áreiðanleikakannanna, horfi framhjá aðilum með stjórnmalaleg tengsl og horfi framhjá tengdum aðilum og orðspori við greiningu á grunsamlegum viðskiptum.
- Eftirlit hefur leitt í ljós vísbendingar um að fasteignasalar framkvæmi ekki alltaf fullnægjandi áreiðanleikakönnun og að enn kunni að skorta á áhættuvitund innan stéttarinnar.
- Vísbendingar eru um að bifreiðasalar séu ekki nægilega meðvitaðir um skyldur sínar hvað varðar aðgerðir gegn peningaþvætti enn sem komið er og að skortur sé áhættuvitund.
- Fáar tilkynningar hafa borist til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu frá sérfræðistéttum.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Útbúa almennt fræðsluefni fyrir aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki um beitingu áhættumiðaðs eftirlits.
- Útbúa sértækt fræðsluefni fyrir þær sérfræðistéttir sem um ræðir þar sem fjallað verði sérstaklega um þá veikleika sem komið hafa í ljós við eftirlit og úttektir eftirlitsaðila.
- Leita eftir samstarfi við fagfélög og –samtök um fræðslu og fræðslufundi fyrir þær sérfræðistéttir sem um ræðir.
- Kanna grundvöll þess að koma að fræðslu um skyldur sérfræðinga samkvæmt lögum nr. 140/2018 í námi fyrir hlutaðeigandi sérfræðistéttir, eftir atvikum á háskólastigi.

TÍMALÍNA:

- Almennt fræðsluefni fyrir aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki verði gefið út í apríl 2022.
- Sértækt fræðsluefni fyrir lögmenn verði gefið út í apríl 2022.
- Fræðslufundir haldnir í kjölfar útgáfu fræðsluefnis.

FRAMKVÆMD:

- Stýrihópur útbýr almennt fræðsluefni og skattur veitir aðstoð.
- Skatturinn útbýr sértækt fræðsluefni og stýrihópur veitir aðstoð.
- Skattur heldur fræðslufundi.

SÖFNUNARKASSAR OG HAPDRÆTTISVÉLAR

FORGANGUR

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Eingöngu hægt að spila fyrir reiðufé eða vinningsmiða í spilakössunum.
- Mögulegt er að hlaða inn reiðufé og prenta í kjölfarið út vinningsmiða án þess að spila eða spila fáa leiki.
- Engar kröfur eru gerðar um orðspor rekstraraðila.
- Eftirlit tekur eingöngu til starfsleyfishafa en ekki söluaðila.

FRAMKVÆMD:

- Dómsmálaráðuneytið stýrir aðgerð.
- Skattur veitir aðstoð.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Innleiða spilakort til að takmarka nafnleysi spilara og koma í veg fyrir „falska vinninga“.

TÍMALÍNA:

- Undirbúningur lagabreytinga hefjist haust 2021.
- Frumvarp lagt fram á haustþingi 2022.

HELSTU ÓGNIR OG VEIKLEIKAR:

- Mat á ógnum hvað varðar þennan flokk tengist notkun á reiðufé enda litlar takmarkanir á notkun reiðufjár hér á landi.
- Hætta kann að vera á að söluaðilar og þjónustuveitendur, og þá einkum smærri aðilar, framkvæmi ekki áhættumat eða áreiðanleikakönnun þegar um er að ræða notkun reiðfjár yfir þeim mörkum sem gilda samkvæmt lögum nr. 140/2018.
- Tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eru fáar.

FRAMKVÆMD:

- Stýrihópur útbýr almennt fræðsluefni og skattur veitir aðstoð.
- Skatturinn útbýr sértækt fræðsluefni og stýrihópur veitir aðstoð.
- Skattur heldur fræðslufundi.

RÁÐLAGÐAR AÐGERÐIR:

- Útbúa almennt fræðsluefni fyrir aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki um beitingu áhættumiðaðs eftirlits.
- Útbúa sértækt fræðsluefni fyrir þá aðila sem starfa við sölu á vörum og þjónustu þar sem fjallað er sérstaklega um þá veikleika sem komið hafa í ljós við eftirlit og úttektir eftirlitsaðila.
- Leita eftir samstarfi við Samtök verslunar og þjónustu um fræðslu og fræðslufundi.

TÍMALÍNA:

- Almennt fræðsluefni fyrir aðra tilkynningarskylda aðila en fjármálafyrirtæki verði gefið út í apríl 2022.
- Sértækt fræðsluefni fyrir bifreiðaumboð og -sala verði gefið út í apríl 2022.
- Fræðslufundir haldnir í kjölfar útgáfu fræðsluefnis.